



## Táknmálsdrekinn – Táknmál í leikskóla

Samfélag heyrnarlausra er lagt í þá vegferð að íslenskt táknmál verði kennt sem valfag í grunnskólum. Eitthvað sem við fögnum að sjálfsgöðu.

En félagið vill ganga skrefinu lengra og fara með táknmálskynningar inn í leikskólana fyrir yngstu börnin sem eru móttækilegust fyrir nýjum og framandi tungumálum, auk þess sem táknmál er hjálplegt fyrir þau börn sem eiga í talerfiðleikum eða börn af erlendum uppruna því það er sjónrænt og lifandi, og því auðvelt í leik.

Hugmynd Félags heyrnarlausra er að útbúa plakat með íslenska stafrófinu sem félagið mun dreifa í alla leikskóla landsins og fylgja eftir með heimsókn táknmálsdrekans. Táknmálsdrekinn er dreki sem er táknmálstalandi og verður talsvera táknmálsins í leik, táknum og mynd -sjá mynd.

Leitar Félag heyrnarlausra að samstarfsaðilum til að gera þetta skemmtilega og gefandi verkefni mögulegt sem kemur samfélagi heyrnarlausra til góða í aukinni fræðslu um táknmálið, og bætir aðgengi og getu allra barna að styðjast við táknmálið í leik eða þroska. Kemur þetta verkefni því öllum börnum til góða.

